




Akureyrarbær
Búsetusvið

Ársskýrsla 2020

Búsetusvið Akureyrarbæjar



Listaverk eftir Karl Guðmundsson

Mars 2021

Efnisyfirlit

1	Um búsetusvið	2
1.1	Hlutverk	2
1.2	Starfsfólk.....	3
1.3	Hugmyndafræði	4
1.3.1	Þjónandi leiðsögn	4
1.3.2	Valdefling	4
1.3.3	Skaðaminnkandi nálgun	4
1.4	Skipurit búsetusviðs desember 2020.....	5
1.5	Rekstrarniðurstaða búsetusviðs 2019 og 2020.....	6
2	Starfsemin 2020.....	7
2.1	Covid-19	7
2.2	Félagsleg heimaþjónusta.....	7
2.2.1	Almenn heimaþjónusta.....	9
2.2.2	Endurhæfing í heimahúsi	13
2.2.3	Ráðgjöf iðjuþjálfar.....	13
2.2.4	Ráðgjöfin heim	14
2.2.5	Vettvangsteymi.....	15
2.2.6	Heimsendur matur	16
2.3	Félagsleg liðveisla.....	17
2.3.1	Sundþjálfun.....	18
2.3.2	Fótbolti án fordóma – F.F. Múrbrjótur	18
2.4	Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk	19
2.4.1	Þjónustukjarnar og sambýli	19
2.4.2	Sértæk heimaþjónusta.....	22
2.4.3	Úrræði fyrir börn	23
2.4.4	Umsóknir um búsetuþjónustu	24
2.4.5	Laut athvarf fyrir geðfatlað fólk	25
2.5	Skammtímaþjónusta og dagvistunarúrræði.....	26
2.5.1	Skammtímaþjónusta og frístundaþjónusta.....	26
2.5.2	Lífsleikni.....	27
2.5.3	Sumarúrræði fyrir fullorðna.....	28
2.5.4	Kappar sumarúrræði fyrir börn.....	28
2.6	Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	29
2.7	SIS mat.....	30
2.8	Samráð við hagsmunasamtök notanda.....	32
2.9	Covid-19 – breytinga á þjónustu.....	33

1 Um búsetusvið

1.1 Hlutverk

Búsetusvið Akureyrarbæjar veitir margvíslega þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks með skerta færni sem kann að fylgja hækkandi aldri, fötlun eða veikindum og/eða skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi. Auk þess að þjónusta íbúa Akureyrar, sinnir sviðið þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt þjónustusamningum þar að lútandi. Réttur fólks til að fá þjónustu byggir annars vegar á þeim lögum sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustuna og hins vegar á greiningu á þörf í hverju tilviki fyrir sig. Starfsfólk skoðar hverja umsókn, metur þörfina í samráði við umsækjanda og finnur leiðir til úrlausnar. Þjónusta sem búsetusvið veitti á árinu 2020:

- Félagsleg heimaþjónusta (almenn heimaþjónusta og sértæk heimaþjónusta/stoðþjónusta)
- Heimsendur matur
- Félagsleg liðveisla
- Búseta með þjónustu (þjónustukjarnar, sambýli, heimili fyrir börn)
- Skammtímvistun fyrir fatlað fólk
- Skólavistun fatlaðra barna 10 – 20 ára
- Ráðgjöf iðjuþjálfá
- Notendastýrð persónuleg aðstoð

Tafla 1 – Helstu magntölur í þjónustu deildarinnar og samanburður við fyrri ár

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Einstaklingar með heimaþjónustu	804	803	800	848	912	855	912	938	921	881
Heimili sem fengu heimaþjónustu	562	584	585	610	620	616	658	712	688	669
Einstaklingar með heimsendan mat	161	134	92	98	146	130	118	133	108	106
Einstaklingar með félagslega liðveislu	114	125	127	127	120	110	123	132	118	124
- einstaklingar með > 10 klst. á viku	15	18	22	24	27	28	30	30	32	27
- einstaklingar með > 15 klst. á viku	-	-	-	-	-	-	17	23	27	15
Einstaklingar með búsetuþjónustu	83	86	95	98	108	107	108	111	105	99
- í þjónustukjörnum og sambýlum	49	52	54	55	57	55	55	55	55	56
- í þjónustukjörnum fyrir geðfatlaða	11	10	11	11	11	11	11	11	13	15
- á áfangheimili	5	6	5	6	6	6	6	8	3	0
- börn í búsetuþjónustu	2	0	1	2	1	1	1	2	2	1
- í sjálfstæðri búsetu	15	18	22	24	33	34	35	35	32	27
Fjöldi notenda skammtímvistunar	21	21	20	19	21	20	19	19	19	17
Beiðnir um ráðgjöf iðjuþjálfá	153	149	138	134	153	185	281	281	370	362


1.2 Starfsfólk

Búsetusvið hefur á að skipa öflugu starfsfólki með reynslu, þekkingu og áhuga á að veita þjónustu sem löguð er að mismunandi þörfum fólks fyrir stuðning. Alls voru 414 starfsmenn í 231,5 stöðugildum. Um er að ræða 308 starfsmenn í föstu starfshlutfalli og 106 í tímavinnu, þar af 65 í tímavinnu hjá félagslegri liðveislu og 41 á öðrum kostnaðarstöðvum.

Í árslok voru fastráðnir starfsmenn sviðsins 308 talsins í 226,8 stöðugildum. Af starfsmönnum sem voru í starfsþróun voru 119 karlar í 93,4 stöðugildum og 189 konur í 133,4 stöðugildum. Karlar voru því í 41% stöðugilda og konur voru 59% stöðugilda. Hlutfall karla hefur aukist á síðastliðnum árum frá um 27-30% í 41% árið 2019. Fjölgun stöðugilda á árinu er vegna nýrrar starfsemi að Klettaborgum sem skýrir um 10 stg. aukningu miðað við árið á undan.

Tafla 2 – Fjöldi stöðugilda eftir þjónustubáttum

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Félagsleg heimaþjónusta	45,3	46,5	43,8	44,0	46,0	48,4	49,3	52,0	54,4	51,7
Búsetuþjónusta	102,2	105,7	108,2	117,9	124,9	128,2	136,5	139,8	141,0	151,5
Frístundaþjónusta	9,6	11,3	11,8	10,9	9,9	10,1	12,0	17,3	23,4	22,0
Skrifstofa	4,7	4,8	5,4	4,9	5,1	3,8	4,0	4,0	5,8	3,5
Stöðugildi alls	157,4	161,8	168,3	169,2	177,7	185,9	201,8	213,1	224,6	231,5



Mynd 1 – Hlutfall kynjaskiptingar stöðugilda fastráðinna starfsmanna hjá búsetusviði

Búsetusvið hefur þá stefnu að auka þekkingu allra starfsmanna jafnframt því að auka fagmennun innan sviðsins. Í lok árs voru fagmenntaðir starfsmenn í 51,5 stöðugildum sem eru 22,2% af heildarstöðugildum.

1.3 Hugmyndafræði

Búsetusvið vinnur innan ramma þrjúþættrar hugmyndafræða, ásamt bestu þekkingu á hverjum tíma. Markmiðið er að nálgast þjónustuþegann þar sem hann er staddur og á hans forsendum. Þetta er gert með að vinna með hugmyndafræði um Valdeflingu (Empowerment), Þjónandi leiðsögn (Gentle Teaching) og Skaðaminnkandi nálgun (Harm Reduction). Síðastnefnda hugmyndafræðin, Skaðaminnkandi nálgun, nær til þrengri hóps en hinar þar sem hún leiðbeinir um nálgun í þjónustu við fólk sem sýnir áhættuhegðun eins og ofdrykkju, eiturlyfjaneyslu og sjálfsskaða eða aðra hegðun af líkum toga. Sérteymi í sértækri heimaþjónustu hafa unnið eftir hugmyndafræði um sjálfstætt líf.

1.3.1 Þjónandi leiðsögn

Hugmyndafræðin „Þjónandi leiðsögn“ á sér langa sögu innan ákveðinna þjónustueininga búsetusviðs en árið 2014 var ákveðið að innleiða Þjónandi leiðsögn í allri þjónustu sviðsins. Þetta er hugmynda- og aðferðafræði sem byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem samskipti á milli starfsfólks og notenda eru þungamiðjan. Traust, vinátta, umhyggja, tengsl og hvatning eru grundvallaratriði í samskiptum. Skipulag og lausnir byggðar á mannlegum gildum og kærleika eru notaðar til að aðstoða einstaklinginn til þess að fá dýpri skilning á daglegum viðfangsefnum og athöfnum. Leiðtogar sjá um að fylgja eftir hugmyndafræðinni svo hún skili sér til notenda og veita ráðgjöf og stuðning til starfsmanna.


1.3.2 Valdefling

Hugmyndafræði Valdeflingar snýst um að efla getu einstaklingsins til að lifa sjálfstæðu lífi, taka sjálfstæðar ákvarðanir og þekkja og nýta réttindi sín. Áhersla er lögð á að notendur séu virkir þátttakendur í eigin lífi og þekking þeirra, reynsla og nærvera sé nýtt sem auðlind inn í þá þjónustu sem verið er að veita. Unnið hefur verið að innleiðingu Valdeflingar samhliða innleiðingu Þjónandi leiðsagnar frá árinu 2014.

1.3.3 Skaðaminnkandi nálgun

Skaðaminnkandi nálgun beinist að því að draga úr eða lágmarka heilsufarslegan, félagslegan og fjárhagslegan skaða sem vímuefnaneysla veldur einstaklingum og samfélögum. Í skaðaminnkandi nálgun er sjónum beint að afleiðingum og áhrifum fiknihegðunar en ekki á notkunina sem slíka.

1.4 Skipurit búsetusviðs desember 2020



1.5 Rekstrarniðurstaða búsetusviðs 2019 og 2020

Tafla 3 – Rekstrarniðurstaða búsetusviðs

Starfsstöð/tegund	2019	2020	Mismunur
<i>Tekjur</i>	-36.586	-36.365	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	66.430	51.574	
<i>Annar kostnaður</i>	21.544	18.360	
Skrifstofa búsetusviðs	51.388	33.558	-35%
<i>Tekjur</i>	-4.609	-5.171	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	58.680	66.417	
<i>Annar kostnaður</i>	6.346	5.828	
Félagsleg liðveisla fatlaðra	60.417	67.074	11%
<i>Þjónustukaup</i>	48.204	51.104	
Skólavistun fyrir fatlaða	48.204	51.104	3%
<i>Tekjur</i>	-20.568	-30.442	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	9.089	26.295	
<i>Annar kostnaður</i>	19.457	8.413	
Laut, athvarf f. geðfatlaða	7.978	4.266	-89%
<i>Tekjur</i>	-38.795	-39.557	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	219.715	248.190	
<i>Annar kostnaður</i>	60.916	64.963	
Heimaþjónusta A	241.836	273.596	13%
<i>Tekjur</i>	-131.243	137.781	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	233.078	265.811	
<i>Annar kostnaður</i>	8.664	10.944	
Heimaþjónusta B	110.499	139.024	26%
<i>Tekjur</i>	-29.770	-29.626	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	86.225	97.856	
<i>Annar kostnaður</i>	3.643	3.015	
Heimaþjónusta Stoð	60.098	71.246	19%
<i>Þjónustukaup</i>	287.425	307.694	
Sameiginlegur kostnaður	287.425	307.694	7%
<i>Tekjur</i>	-700	-62	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	242.966	256.642	
<i>Annar kostnaður</i>	4.748	5.275	
Búsetuþjónusta Geislatúni og Hafnarstræti	247.014	261.855	6%
<i>Tekjur</i>		-309	
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	255.807	287.129	
<i>Annar kostnaður</i>	23.884	25.081	
Íbúðakjarni Borgargili og Klettatúni	279.691	311.901	12%

Tölur eru í þúsundum króna

	Starfsstöð/tegund	2019	2020	Mismunur
	<i>Laun og launatengd gjöld</i>	52.456	51.907	
	<i>Annar kostnaður</i>	346	335	
	Búsetuþjónusta við Kjarnagötu	52.802	52.242	-1%
	<i>Tekjur</i>			
	<i>Laun og launatengd gjöld</i>	232.842	249.891	
	<i>Annar kostnaður</i>	6.525	7.741	
	Búsetuþjónusta, Snægili og Kjalarsíðu	239.367	257.632	8%
	<i>Tekjur</i>	-1.062	-38	
	<i>Laun og launatengd gjöld</i>	264.656	311.311	
	<i>Annar kostnaður</i>	7.143	14.564	
	Búsetuþjónusta, Þrastarlundi og Jörvabyggð	270.737	325.837	20%
	<i>Tekjur</i>	-231.267	-249.595	
	<i>Laun og launatengd gjöld</i>	293.420	332.117	
	<i>Annar kostnaður</i>	25.026	21.486	
	Íbúðakjarni Hafnarstræti	87.179	104.007	19%
	<i>Tekjur</i>	-56.565	-63.977	
	<i>Laun og launatengd gjöld</i>	190.607	203.718	
	<i>Annar kostnaður</i>	34.067	35.324	
	Skammtímaþjónusta	168.109	175.064	4%
	<i>Tekjur</i>		-671	
	<i>Laun og launatengd gjöld</i>	204.963	243.802	
	<i>Annar kostnaður</i>	11.400	11.567	
	Búsetuþjónusta við geðfatlaða	216.363	254.698	18%
	<i>Þjónustukaup</i>	6.890	7.072	
	Húsnæðiskostnaður Búsetusviðs	6.890	7.072	3%
	<i>Tekjur</i>	-8.695	-8.834	
	<i>Annar kostnaður</i>	151.743	188.766	
	NPA Notendastýrð persónuleg aðstoð	143.048	179.932	26%
	<i>Tekjur</i>		-2.058	
	<i>Laun og launatengd gjöld</i>	890	3.361	
	<i>Annar kostnaður</i>	1.318	1.825	
	Tómstundarræði Skógarlundi	2.208	3.129	42%
	<i>Tekjur</i>	-1.588	-10.035	
	<i>Laun og launatengd gjöld</i>	48.841	108.757	
	<i>Annar kostnaður</i>	14.208	10.034	
	Sérstök úrræði fyrir fatlað fólk	61.461	108.756	77%

	Heildarkostnaður búsetusviðs	2.643.713	2.989.687	13%
--	-------------------------------------	------------------	------------------	-----

2 Starfsemin 2020

2.1 Covid-19

Strax í janúar var byrjað að vinna í viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs Covid-19 og var þeirri vinnu lokið um miðjan mars. Síðan þá hefur hún verið uppfærð þrisvar sinnum. Unnið er í gátlistaformi sem forstöðumenn nota í sínu starfi.

Afgreiðslan í Glerárgötu lokaði snemma og byrjað var að skipta þeim sem hafa aðsetur í Glerárgötu 26 upp í hópa þar sem annar hópurinn vann til skiptis heima. Forstöðumenn funduðu rafrænt með sviðsstjóra 2-3 sinnum í viku fyrstu mánuðina. Þjónusta sviðsins var skert á ýmsum sviðum en alltaf var haldið úti lágmarksþjónustu. Í forvarnarskygni var starfsmönnum skipt upp í hópa á öllum starfseiningum sviðsins ef upp kæmi smit, þannig var tryggt að færri þyrftu í sóttkví í einu.

Þjónustunotendur fundu fyrir skerðingunni og margir upplifðu kvíða og einmanaleika.

Ekkert smit kom upp hjá notendum þjónustunnar en nokkur smit komu upp hjá starfsmönnum.

Mikið samráð var við tengslastofnanir, sérstaklega við HSN, SAK og Öldrunarheimilin og allt gert til að mæta þörfum sameiginlegra skjólstæðinga.

Aðeins var létt á takmörkunum í sumar en þegar bera fór aftur á smitum í haust var hert aftur á aðgerðum. Í október og nóvember þegar smitum fór að fjölga á svæðinu var ástandið orðið erfitt, margir starfmenn í sóttkví og farið var að undirbúa að nota fólk sem hafði skráð sig á útkallslista hjá sveitarfélaginu. Það kom þó ekki til að þess þyrfti en þetta stóð tæpt. Í árslok var ástandið farið að lagast í nær samfélaginu en hópaskiptingar starfsmanna voru þó ekki aflagðar.

Starfsfólk stóð sig afburða vel á þessum erfiðu tímum. Þeir tóku mjög alvarlega allar varúðarráðstafanir enda margir að vinna með hópa sem máttu alls ekki við því að veikjast.

Þeir eiga þakkar skildar fyrir sitt framlag allt árið 2020.

2.2 Félagsleg heimaþjónusta

Félagsleg heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald, persónulega umhirðu eða aðrar nauðsynlegar athafnir daglegs lífs vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar, fötlunar eða af öðrum gildum ástæðum.


Félagsleg heimaþjónusta tekur til eftirfarandi þátta:

- Aðstoðar við eigin umsjá.
- Aðstoðar við almennt heimilishald.
- Félagslegs stuðnings.
- Aðstoðar við umsjá langveikra eða fatlaðra barna.
- Heimsendingu matar.
- Ráðgjafar iðjuþjálfar.


Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla notandann til sjálfsbjargar og sjálfræðis og gera honum kleift að búa sem lengst á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður. Starfsmaður búsetusviðs metur þjónustubörf og niðurstöður þjónustumats eru lagðar fyrir fund matshóps sem skipaður er af sviðstjóra búsetusviðs Akureyrarbæjar.

Félagsleg heimaþjónusta hefur aukist jafnt og þétt í takt við þá stefnu að fólk geti búið sem lengst heima, þrátt fyrir flókin heilsufarsvandamál. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn, alla daga ársins, en næturvaktin er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar sem sér um framkvæmd þjónustunnar. Þjónustan skiptist í tvo hluta; almenna heimaþjónustu og sértæka heimaþjónustu.

Almenn heimaþjónusta er sú þjónusta sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og sinnir þeim sem þurfa allt að 15 klst. aðstoð á viku. Meirihluti þjónustuþega almennrar heimaþjónustu eru eldri borgarar. Starfsstöðvar heimaþjónustunnar eru nokkrar, þær stærstu eru í Bugðusíðu 1 og Víðilundi 22 og eru þær báðar í sama húsnæði og félagsstarfsemi eldri borgara.



Mynd 2 – Hlutfall 65 ára og eldri sen fengu félagslega heimaþjónustu




Mynd 3 – 80 ára og eldri á Akureyri

Eins og sést á myndinni hér að ofan þá hlutfall 80 ára og eldri með félagsleg heimaþjónustu lækkað úr 57% í 55% af öllum íbúum Akureyrar 80 ára og eldri.


2.2.1 Almenn heimaþjónusta

Á árinu 2020 fengu 669 heimili almenna heimaþjónustu og hefur fjöldi heimila minnkað örlítið frá árunum á undan. Eins og sést á mynd 4 og 5, og í samræmi við reglur og samfélagslega þróun, þá er aldrað fólk stærsti hópur þeirra sem fær almenna félagslega heimaþjónustu. Öryrkjar er sá þjónustuhópur sem mest hefur fjölgað í frá árinu 2012 eða um 31%.




Mynd 4 – Fjöldi heimila með félagslega heimaþjónustu

Á mynd 4 hefur þjónusta til aldraðra verið skipt upp í þrennt, einhleypir karlar, einhleypar konur og svo hjón/sambúðarfólk. Þess skal þó getið að í þessum tölum reiknast aldraðir frá 65 ára aldri. Frá árinu 2012 hefur aukning í þjónustu við aldraða verið úr 429 í 481 árið 2020 sem er 12% aukning eða 52 heimili. Fjöldinn fækkaði þó um 18 heimil frá árinu á undan (var 499 árið 2019). Frá árinu 2012 hefur þjónustuþegum sem eru öryrkjar fjölgað úr 131 í 172 árið 2019 sem er 31% aukning eða 40 heimili. Önnur heimili sem eru í þjónustu vegna tímabundinna aðstæðna hafa síðustu ár verið um 24-25 en fækkað í um 16-18 síðustliðin tvö ár.




Mynd 5 – Fjöldi aldraðra (65 ára og eldri) með félagslega heimaþjónustu

Eins og sést á mynd 5 hér að framan eru konur með heimaþjónustu á Akureyri heldur fleiri en karlar í öllum aldursflokkum. Hlutfall kvenna 65 ára og eldri í þjónustu er 58% og karla 65 ára og eldri er 42%. Þegar fjöldi vinnustunda er borið saman við fjölda þjónustunotenda kemur í ljós að vinnustundir á heimili hjá öryrkjum er töluvert fleiri en hjá öldruðum (mynd 7), en fleiri heimili aldraðra eru með þjónustu.




Mynd 6 – Fjöldi vinnustunda í heimaþjónustu skipt eftir þjónustuhópum




Mynd 7 – Meðalvinnustundir á heimili í almennri heimaþjónustu eftir þjónustuhópum.

Heimaþjónustan er að mestu leyti að veita samþætta persónulega þjónustu og þrif. Þeir sem fá heimsendan mat og eru með þrif, teljast fá bæði þrif og persónulega þjónustu. Það er athyglivert að þeir sem eru eingöngu með persónulega þjónustu (öryggisinnlit, aðstoð við innkaup, félagslegan stuðning) þar hefur tímafjöldinn aukist smám saman síðastliðin ár. Þetta má rekja til breyttrar samsetningar þjónustuþega þar sem hlutfallslega fleiri eru 80 ára og eldri og dvelja heima þrátt fyrir hrakandi heilsu. En eins og áður hefur komið fram eru 55% 80 ára og eldri sem búa á Akureyri með heimaþjónustu. Fækkun var á tímum í heimaþjónustu á árinu 2020 vegna Covid-19, tímum fækkaði um tæp 13 þúsund milli ára. Þeim sem eru öryrkjar vegna langvinnra og áunninna sjúkdóma hefur fjölgað sem hefur áhrif á áherslur í þjónustu með teyðum eins og ráðgjöfinni heim, vettvangsteyminu og nokkrum sérúrræðum en rúmur helmingur af tímum falla undir þennan flokk.



Mynd 8 – Fjöldi vinnustunda á ári eftir verkum



Mynd 9 – Kostnaður við félagslega heimaþjónustu 2011-2020 á verðlagi ársins 2020

Eins og sjá má á mynd 9 hafa útgjöld til félagslegrar heimaþjónustu hækkað þegar miðað er við kostnað á verðlagi ársins 2020. Við útreikning á kostnaði er notuð launavísitala en laun starfsmanna er stærsti gjaldaliður heimaþjónustunnar. Raunkostnaður á hverja unna klukkustund árið 2020 var um 9.850 krónur. Í þeirri tölu er einnig kostnaður við húsnæði og annar kostnaður sem til fellur við þjónustuna.

2.2.2 Endurhæfing í heimahúsi

Hugmyndafræðin á bak við endurhæfingu í heimahúsi snýst um að virkja skjólstæðinga og styrkja þá til að vera virkir þátttakendur í eigin lífi eins lengi og mögulegt er. Með þessu er verið að bæta lífsgæði fólks og á sama tíma verið að seinka þeim tímamarki að viðkomandi einstaklingur þurfi varanlega aðstoð frá sveitarfélaginu.


Með stofnun endurhæfingarteymis er hugmyndin sú að allar nýjar beiðnir um heimaþjónustu hjá sveitarfélaginu séu skoðaðar með það fyrir augum hvort viðkomandi umsækjandi geti farið í gegnum endurhæfingarferli. Endurhæfing innan heimaþjónustu er sérsniðin að þörfum hvers og eins. Í upphafi setja skjólstæðingar og iðjuþjálfari saman markmið sem verður grunnur þjónustunnar, til að ná fram þeim markmiðum er notað matstækið COPM (Mæling á færni við iðju). Þjónustuáætlun er gerð í upphafi og miðast áætlunin við tímabundna þjálfun í 4 til 12 vikur. Þjónustuáætlunin er breytileg eftir því sem færni skjólstæðingsins breytist. Markmiðið er alltaf að gera viðkomandi eins sjálfstæðan og mögulegt er og að hann þurfi annað hvort litla eða enga formlega aðstoð frá sveitarfélaginu í kjölfar endurhæfingarinnar.

Í endurhæfingarteymi félagslegrar heimaþjónustu hjá Akureyrarbæ eru iðjuþjálfari sem jafnframt er verkefnastjóri, sjúkraliði og félagsliði. Iðjuþjálfari metur og skipuleggur þjónustu með skjólstæðingi og sjúkra- og félagsliði framfylgja áætluninni. Auk þess eru hjúkrunarfræðingur heimahjúkrunar og félagsráðgjafi fjölskyldusviðs teyminu til ráðgjafar.

2.2.3 Ráðgjöf iðjuþjálfara

Búsetusvið býður upp á þjónustu iðjuþjálfara. Markmið iðjuþjálfunar er að efla færni, heilsu og vellíðan einstaklingsins í samræmi við þarfir, getu og langanir hans þannig að hann verði eins sjálfbjarga og mögulegt er við þá iðju sem honum er mikilvæg. Sem dæmi um iðju má nefna að klæða sig og snyrta, útbúa mat, aka bíl, afgreiða í verslun, skrifa ritgerð, fara á skíði eða mála mynd. Þótt þessi viðfangsefni virðist sjálfögð og einföld fyrir flesta, þá geta þau verið erfið og jafnvel ófyrstíganleg fyrir margt það fólk sem ekki hefur þroskast eðlilega, fengið sjúkdóma, hefur orðið fyrir áföllum af einhverju tagi eða er komið á efri ár. Þörf er á iðjuþjálfun þegar einstaklingar ná ekki að sinna daglegri iðju á fullnægjandi hátt.

Iðjuþjálfar búsetusviðs veita ráðgjöf á sviði endurhæfingar, heilsueflingar, vinnuvistfræði og hjálpartækjamála. Þeir taka þátt í mati á heimaþjónustu og annarri þjónustu sem sótt er um og veita einnig fræðslu til stofnana og samstarfsfólks. Náin samvinna er við heimahjúkrun, Sjúkrahúsið á Akureyri og aðra sem koma að málefnum þeirra sem njóta þjónustunnar. Árið 2020 voru þrjú iðjuþjálfar í 1,8 stöðugildum.



Mynd 10 – Fjöldi beiðna um ráðgjöf iðjubjálfa


Árið 2020 fengu 362 einstaklingur ráðgjöf iðjubjálfa. 61% þjónustupega á árinu voru konur sem er svipað kynjahlutfall á síðastliðnum árum þrátt fyrir að þjónustubeiðnum hafi fjölgað verulega. Hlutfall kvenna sem hafa fengið ráðgjöf iðjubjálfa hefur rokkað frá 61% til 69% síðast liðin fjögur ár. Sjá má aukningu á ráðgjöf iðjubjálfa til karlmanna og má gera ráð fyrir að betra aðgengi að þjónustunni sé þar að hafa áhrif. Frá desember 2018 hefur iðjubjálfi verið með starfsaðstöðu hjá heimþjónustunni í Víðilundi og er mikið um að fólk komi þar og fái ráðgjöf og leiðbeiningar.

Ráðgjöf iðjubjálfa skiptir sköpum í að stuðla að því að einstaklingar geti verið eins sjálfstæðir og aðstæður leyfa.

2.2.4 Ráðgjöfin heim

Ráðgjöfin heim er hluti af félagslegri heimþjónustu og er ætluð fullorðnum fötluðum einstaklingum í sjálfstæðri búsetu. Markmið þjónustunnar er að veita faglega ráðgjöf og aðstoða einstaklinga með fötlun af margvíslegum toga við að takast á við ýmis verkefni daglegs lífs bæði á heimili og úti í samfélaginu. Mikil áhersla er lögð á valdeflingu þ.e. ráðgjafinn veitir stuðning og fræðslu sem miðar að því að notendur þekki rétt sinn og möguleika til þátttöku í samfélaginu og öðlist meira vald yfir lífi sínu. Á árinu 2020 fengu 45 einstaklingar þjónustu ráðgjafarinnar heim, 33 konur og 12 karlar. Frá árinu 2011 hefur fjöldinn verið frá 33 til 47 einstaklingar eins og sést á mynd 11. Þegar þjónustupegar voru kynjaskiptir kom í ljós að konur hafa verið í meirihluta.


Ekki hefur tekist að sinna öllum beiðnum um þjónustuna og um áramót voru um 3 einstaklingar á biðlista. Við ráðgjöfina heim störfuðu á árinu 3 háskólamenntaðir starfsmenn í 2 stöðugildum.



Mynd 11 – Fjöldi sem fengu aðstoð frá Ráðgjöfinni heim

2.2.5 Vettvangsteymi

Vettvangsteymi er þjónusta fyrir einstaklinga með geðfötlun og viðvarandi vímuefnavanda. Þjónustan felst í því að starfsmenn eru til aðstoðar frá kl. 08:00 - 19:00 alla daga vikunnar. Veitt er aðstoð við innkaup, erindrektur, áminningar um lyfjatöku og almenn aðstoð við athafnir daglegs lífs eftir þörfum. Unnið er eftir hugmyndafræðinni um „Skaðaminnkandi nálgun“ sem miðar að því að draga úr heilsufars-, félags- og efnahagslegum afleiðingum vímuefnaneyslu. Íbúarnir þurfa mjög mismunandi þjónustu en reynt er að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur. Á árinu 2020 fengu 42 einstaklingar þjónustu frá vettvangsteyminu og hefur fjöldinn tæplega tvöfaldast frá árinu 2017. Flestir þjónustunotendur eru karlar en á árinu voru 2 konur í þjónustu. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu hver og einn fær á hverjum tíma og ræðst það af þörf og aðstæðum einstaklingsins.




Mynd 12 – Fjöldi sem naut aðstoðar Vettvangsteymis

Frekari upplýsingar um Ráðgjöfina heim og Vettvangsteymið eru í heildartölum um almenna félagslega heimþjónustu, fjölda þjónustunotenda, fjölda vinnutíma og í tölum um kostnað.


2.2.6 Heimsendur matur

Heimaþjónustan sér um heimsendingu matar til þeirra sem vegna veikinda eða skertrar færni geta ekki eldað sjálfir. Þjónustan er í boði alla daga ársins. Maturinn er keyptur frá eldhúsi Hlíðar. Bifreiðastöð Oddeyrar sér um útkeyrslu á matnum til kaupenda. Alls nýttu 106 heimili sér heimsendan mat á árinu sem skiptist þannig að 87 flokkuðust sem heimili aldraðra og 19 heimili flokkuðust sem heimili öryrkja. Fjöldi bakka sem þessi heimili fengu voru 12.683 talsins. Sjá má á mynd 13 að fjöldi heimila og fjöldi útseldra matarskammta jókst aðeins milli ára.



Mynd 13 – Heimsendur matur, fjöldi matar sendinga og fjöldi notenda


Kostnaðurbátttaka bæjarins við heimsendan mat hefur verið í kringum 20-25% síðastliðin ár. Árið 2020 minnkaði kostnaðarhlutdeild Akureyrarbæjar niður í 17%.



Mynd 14 – Bátttaka bæjarins og neytenda í greiðslum á heimsendum mat


2.3 Félagsleg liðveisla

Félagsleg liðveisla er persónulegur stuðningur og aðstoð sem ætluð er til að rjúfa félagslega einangrun og styrkja fólk til þátttöku í menningar- og félagslífi. Liðveisla er veitt fötluðum börnum frá 6 ára aldri, sem og fullorðnu fötluðu fólki.




Mynd 15 – Félagsleg liðveisla

Þjónustu í formi félagslegrar liðveislunnar fengu 124 einstaklingar á árinu um lengri eða skemmri tíma, 50 konur 18 ára og eldri og 34 karlar 18 ára og eldri, 8 stúlkur undir 18 ára og 32 drengir undir 18 ára aldri. Flestum einstaklingum er úthlutað 10 tímum á mánuði. Einstaklingar sem einnig eru með sértæka heimaþjónustu/stoðþjónustu fengu yfirleitt 8 tíma á mánuði. Nokkrir einstaklingar fengu fleiri en 10 tíma á mánuði þar sem talin var þörf á aukinni þjónustu fyrir viðkomandi aðila.



Mynd 16 – Fjöldi barna með félagslega liðveislunni á árunum 2014-2020



Mynd 16 – Fullorðnir með félagslega liðveislu

Algengast er að einn starfsmaður annist félagslega liðveislu við hvern einstakling einnig er veitt félagsleg liðveisla í nokkra hópa. Frá árinu 2012 hafa verið þjónustusamningar við íþróttafélög og félagasamtök sem skipuleggja þjálfun, tómsundurir eða hópastarf. Markmið þessara þjónustusamninga er að hópnum sé veitt tómsundastarfi þar sem leitast er við að bjóða upp á afþreyingu sem er sniðin að þeirra þörfum.

2.3.1 Sundþjálfun

Sundfélagið Óðin veitir fötluðum einstaklingum hópliðveislu í sundi, með vísan í 8. gr. reglna Akureyrarbæjar um félagslega liðveislu. Þessi þjónusta er í góðri samvinnu við Sundfélagið sem sér um framkvæmdina. Með þessu verkefni er verið að tryggja enn frekar aðgang fatlaðra barna til jafns við önnur börn að tómsundastarfi/íþróttastarfi líkt og getið er í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Árið 2020 voru þátttakendur 19 börn, þ.e. 8 stelpur og 11 strákar.

2.3.2 Fótbolti án fordóma – F.F. Múrbrjótur


Vikulegar fótboltaæfingar hafa verið í boði fyrir einstaklinga sem glíma við geðrænan- og félagslegan vanda. Markmiðið er að auka þátttöku einstaklinga til hollrar hreyfingar og efla samfélags- og félagsvitund þeirra. Reynslan hefur verið sú að æfingarnar hafa gefið góðan grunn fyrir þessa einstaklinga til þess að koma saman ásamt aðstandendum og starfsmönnum tengdum geð- og/eða velferðarsviði til að eiga góða samverustund og stunda heilbrigða hreyfingu. Fenginn var styrkur frá Frístundaráði Akureyrarbæjar og einnig Velferðarráði Akureyrarbæjar fyrir leigu á íþróttasal og til að virkja starfið en betur hefur félagsleg liðveisla sem hluti af hópliðveislu komið að verkefninu.

Um 30 þátttakendur njóta nú stuðnings fjögurra sjálfboðaliða í Múrbrjóta verkefninu. Til að halda utan um, vekja athygli á og auglýsa verkefnið var stofnuð Facebook síða FF Múrbrjótur - Fótolti án fordóma og eru um 212 einstaklingar fylgjendur síðunnar. Engar kvaðir eða kröfur eru gerðar um þátttöku og eru þeir sem ekki treysta sér á æfingar hvattir til að koma og horfa á, fara í göngutúr um æfingarsvæðið og taka þátt í skemmtilegum félagskap á sínum forsendum.

2.4 Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk

Sértæk búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk er mjög fjölbreytt. Á síðasta ári nutu 71 einstaklingar þjónustunnar. Um er að ræða búsetu í þjónustukjörnum eða sambýlum. Að auki voru einstaklingar sem fengu sértæka heimaþjónustu/stoðþjónustu en um þá þjónustu var fjallað sérstaklega í kafla hér að framan. Sameiginlegt öllum þeim sem fá þessa þjónustu er að þeir hafa farið í mat á stuðningsþörf (SIS mat). SIS kerfið er vandað matskerfi, vel rannsakað, með sterkan fræðilegan bakgrunn sem notað er víða um heim til að meta stuðningsþörf fatlaðra. Einnig er mögulegt að tengja niðurstöður matsins við fjármögnun þjónustunnar og fær Akureyrarbær greitt úr Jöfnunarsjóði samkvæmt niðurstöðu þess.

Á myndinni hér að neðan má sjá hver þróunin hefur verið í búsetumálum fatlaðs fólks síðustu 10 ár en helsta breytingin er að þeim fækkar sem búa á sambýlum en fjölgar sem búa í þjónustukjörnum og einnig fá fleiri íbúar stoðþjónustu.



Mynd 17 – Samsetning búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk

2.4.1 Þjónustukjarnar og sambýli

Í 9. grein III. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er kveðið á um að fatlað fólk eigi rétt á húsnæði í samræmi við þarfir þess og óskir sem og félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og stuðlar að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu. Tekið er á móti umsóknum hjá fjölskyldusviði Akureyrarbæjar um félagslegt húsnæði og sérútbúið húsnæði ætlað fötluðu fólki. Í úthlutunarnefnd situr einn fulltrúi búsetusviðs og kallaður er saman sérstakur matshópur sem gerir tillögur um úthlutun varðandi sérútbúið húsnæði sem ætlað er fyrir fatlað fólk.

Í þjónustukjörnum og sambýlum fær fatlað fólk aðstoð við að halda heimili og taka virkan þátt í samfélaginu eftir getu og óskum hvers og eins. Fyrst eftir að stofnanir eins og Sólborg lokuðu voru


keypt stór hefðbundin einbýlishús og þar bjuggu saman fjórir til sjö fatlaðir einstaklingar. Þar sem húsnæðið var ekki byggt með þessa starfsemi í huga voru herbergin lítil og misjöfn að stærð og oftast en ekki eitt salerni fyrir alla íbúa og starfsfólk. Við það bættist að í fæstum tilfellum höfðu íbúar eitthvað um það að segja hvort þeir vildu svona náð sambýli. Því hefur það lengi verið baráttumál hagsmunasamtaka fatlaðra að bæta búsetuþjónustu við þennan hóp þannig að hver og einn hafi einkarými sem stenst lágmarkskröfu byggingareglugerðar. Á árinu 2020 var lokað einu af þrem herbergjasambýlum. Þau tvö sem eftir eru, Hafnarstræti 16 og Snægili 1, voru byggð á níunda áratug síðustu aldar og þóttu þá mikið framfaraskref. Í þessum húsum eru öll herbergin rúmgóð, í öðru eru salerni og baðaðstaða inn af herbergjum. Á árinu 2020 var tekið í notkun nýr þjónustukjarni við Klettaborgir 43.

Þjónustukjarnar eru nokkrar íbúðir sem eru undir sama þaki eða stutt á milli þeirra. Í sumum tilfellum er sameiginlegt rými fyrir íbúa og/eða starfsmannaaðstaða. Mjög misjafnt er hversu mikla þjónustu og stuðning íbúarnir fá en það fer eftir þörfum hvers og eins. Þeir sem þurfa minnstu þjónustuna fá aðeins stuðning nokkrum sinnum í viku, aðrir þurfa mun meira. Þrír einstaklingar í þjónustukjarna eru í öryggisgæslu en öryggisgæsla er úrræði fyrir ósakhæfa, dæmda einstaklinga. Öryggisgæsla er fyrir einstaklinga sem eru það mikið fatlaðir að þeir geti ekki séð um sig sjálfir og eigi einnig við hegðunarvanda að stríða, stundum hættulegir sjálfu sér og öðrum. Íbúðirnar eru sérstaklega hannaðar með þetta í huga auk þess sem mönnun tekur mið af þeirri þjónustu. Til að mæta misjöfnum þjónustuþörfum er gerður þjónustusamningur við íbúa þar sem fram kemur hversu mikinn stuðning hver og einn þarf bæði innan og utan heimilis, við hvaða verkefni og hversu oft.

Undanfarin ár hafa nokkrir einstaklingar, sem þurfa umtalsverða þjónustu, flutst nálægt þjónustukjarna. Á þann hátt er hægt að veita ráðgjöf, þjónustu, stuðning og öryggi sem felst í því að vera í mikilli nálægð við sólarhringsþjónustu.

Unnið er samkvæmt hugmyndafræði Valdeflingar og Þjónandi leiðsagnar, en þó er lögð áhersla á að leita eftir vilja einstaklingsins og láta valdið í hans hendur. Stuðningurinn er framkvæmdur á forsendum þess sem hann fær en ekki þess sem veitir.

Í töflu 4 sést hvaða þjónustukjarnar og sambýli hafa verið starfrækt frá árinu 2017, hversu margir búa á hverjum stað og fjöldi stöðugilda.



Mynd 18 – Búsetuþjónusta og sértæk heimaþjónusta/stoðþjónusta.

Tafla 4 – Þjónustukjarnar og sambýli


Tegund búsetu		2017		2018		2019		2020	
		Íbúar	Stöðu- gildi	Íbúar	Stöðu- gildi	Íbúar	Stöðu- gildi	Íbúar	Stöðu- gildi
Klettatún*	Þjónustukjarni	5	8,5	5	8,5	5	9,0	5	8,6
Borgargil	Þjónustukjarni	6	13,75	6	13	6	13,1	6	12,7
Geislatún	Þjónustukjarni	5	10,1	5	10,5	5	10,5	5	10,4
Hafnarstræti	Herbergjasambýli	5	9,1	5	10,2	5	10,5	5	8,7
Jörvabyggð	Herbergjasambýli	5	4,4	4	4,4	4	4,6		
Klettaborgir	Þjónustukjarni							5	13,2
Prastarlundur	Þjónustukjarni	7	18,7	7	18	7	17,1	7	15,5
Snægil	Herbergjasambýli	6	9,4	6	9,4	6	7,8	5	8,6
Kjalarsíða	Þjónustukjarni	6	9,5	6	10,1	6	10,0	5	9,3
Hafnarstræti*	Þjónustukjarni	6	25,9	6	25,5	6	24,2	6	25,7
Hamratún	Áfangaheimili	7	4,27	8	4,7	3			
Hamratún	Þjónustukjarni					3	4,0	5	7,5
Vallartún*	Þjónustukjarni	5	8,95	5	8,6	5	8,1	5	8,1
Skútagil	Þjónustukjarni	5	4,27	5	4,1	5	4,1	5	4,1
Eiðsvallagata	Þjónustukjarni	6	7,4	6	7,4	6	7,4	6	7,3
Sporatún**	Heimili					1	7,6	1	8,1
Samtals		75	134,2	74	134,4	73	138,2	71	147,8

* þjónusta veitt út fyrir þjónustukjarna

** skammtímaþjónusta er einnig veitt inn á heimilinu

2.4.2 Sértek heimþjónusta


Sértek heimþjónusta/stoðþjónusta er þjónusta við þá sem þurfa umfangsmikla aðstoð. Þetta er sú aðstoð sem þarf til viðbótar við almenna heimilishjálp og félagslega liðveislu, til þess að fólk með fötlun geti haldið eigið heimili og felur hún í sér margþætta aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Samkvæmt reglugerð metur teymi fagfólks sérstaka stuðningsþörf umsækjanda. Teyminu er ætlað að meta heildstætt þörf þeirra sem þurfa á þjónustu að halda sem veitt er á grundvelli laga og reglugerða og hvernig koma megi til móts við þarfir þeirra. Undir sértekka heimþjónustu falla nokkur mismunandi úrræði eins og sjá má í töflunni hér fyrir neðan. Markmið þjónustunnar er að veita einstaklingum samþætta og einstaklingsmiðaða þjónustu. Þjónustan sem um ræðir er á höndum nokkurra forstöðumanna en flestir falla þó undir Heimþjónustu B eða 20 einstaklingar. Einnig hafa 3 einstaklingar og talsmenn þeirra valið að kaupa eigið húsnæði og veitir búsetusvið þessum einstaklingum sértekka heimþjónustu.



Mynd 19 – Sértek heimþjónusta, mismunandi úrræði.

Árið 2020 fengu 27 einstaklingar sértekka heimþjónustu (stoðþjónustu) á Akureyri þar af einn búsettur utan Akureyrar, en Akureyrarbær sér um að veita þá þjónustu. Stoðþjónusta er sú aðstoð sem þarf til viðbótar við heimilishjálp og félagslega liðveislu, til að fatlað fólk geti haldið eigið heimili þjónustan felur í sér margþætta aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun.

Innan Heimþjónustu B eru þrjú sérhæfð teymi eitt teymi sér um þjónustu við langveika einstaklinga sem búa í heimahúsi, annað teymi sér um verulega líkamlega fatlaðan einstakling í heimahúsi og þriðja teymið sinnir þroskaskertum einstaklingum í sjálfstæðri búsetu.



Mynd 20 – Sértæk heimaþjónusta

Eins og sjá má á mynd 20 þá hefur fjöldi einstaklinga sem þurfa sértæka heimaþjónustu (stoðþjónusta) aukist jafnt og þétt en á síðast liðnum árum hefur fjölgað einstaklingum sem þurfa aðstoð meira en 15 tíma á viku. Einstaklingar sem fatlast seinna á lífsleiðinni kjósa í auknum mæli að búa heima þrátt fyrir mikla þjónustuþörf í stað þess að flytja á stofnun. Því eru nokkur heimili þar sem veitt er allt að sólarhringsþjónusta alla daga ársins. Mikil samvinna er við heimahjúkrun í allmörgum tilfellum sem skipta með sér verkum í samvinnu við stoðþjónustuna.

2.4.3 Úrræði fyrir börn

Sérstakt úrræði fyrir börn er staðsett í raðhúsaíbúð að Sporatúni. Þar eru þrjú rúmgóð svefnherbergi, rúmgóð stofa og afgirt útisvæði ásamt sambyggðum bílskúr þar sem útbúin hefur verið skrifstofa forstöðumanns ásamt aðstöðu fyrir starfsmenn.


Í húsnæðinu er starfrækt annarsvegar búsetuúrræði fyrir eitt barn og hinsvegar sérhæfð skammtímaþjónusta fyrir tvö önnur börn. Aldrei eru fleiri en tvö börn í þjónustu á sama tíma. Þjónustuþegar eru börn sem vegna þjónustuþyngdar og fötlunar geta ekki nýtt sér skóla-, frístunda- og skammtímaþjónustu eða neyðarvistun fatlaðra barna og ungmenna í Skammtímaþjónustunni Þórunnarstræti 99.

Markmið þjónustunnar er að gera barni kleift að viðhalda sambandi og búa í nærsamfélagi fjölskyldu sinnar eins og unnt er. Jafnframt skal styðja barnið til sjálfstæðs lífs og þátttöku í samfélaginu. Ávallt eru hagsmunir barns og velferð höfð að leiðarljósi, sbr. m.a. 13. gr. laga nr. 38/2018. Þjónustan er einstaklingsbundin, heildstæð og sveigjanleg að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni. Í skipulagi þjónustunnar er lögð rík áhersla á góð og jákvæð samskipti og nána samvinnu við foreldra og aðra nákomna íbúanum. Þjónustuþegar eru börn á forræði foreldra. Engar ákvarðanir um þjónustu eru teknar án samráðs við þá og þjónustuþega eftir því sem við á.

Starfsemi Sporatúns árið 2020 markaðist af Covid-19 eins og hjá flestum öðrum. Starfsemin var þó að mestu óskert. Það má meðal annars þakka því að skólaþjónusta barnanna í þjónustu Sporatúns hélst nærri óbreytt þar sem þau fengu forgang í þjónustu skólans. Í Sporatúni var árið 2020 ekki alslæmt þrátt fyrir Covid-19. Fámenni, minni erill og einfaldara líf á oft á tíðum betur við börnin í Sporatúni.

2.4.4 Umsóknir um búsetuþjónustu

Á biðlista eftir búsetu voru 19 einstaklingar í árslok 2020. Allir umsækjendur voru á bið eftir þjónustukjarna. Engar umsóknir voru á biðlista vegna barna eftir varanlegu búsetuúrræði. Frá og með 2019 er ekki lengur í boði áfangageimili sem búsetuúrræði hjá Akureyrarbæ.



Mynd 21 – Virkar umsóknir um búsetu með þjónustu

2.4.5 Laut athvarf fyrir geðfatlað fólk

Þann fyrsta september 2019 tók Akureyrarbær alfarið við rekstri Lautar, athvarf fyrir geðfatlað fólk. Frá árinu 2001 var Laut sjálfseignarstofnun en rekin af Rauða krossinum á Íslandi, Geðverndarfélagi Akureyrar og Akureyrarbæ. Rauði krossinn er með önnur athvörf víðsvegar á Íslandi þar sem markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun geðfatlaðra, draga úr endurinnlögnum á geðdeildir og skapa umhverfi þar sem ríkja gagnkvæm virðing og traust og tillit er tekið til hvers og eins.

Laut er athvarf fyrir fólk með geðraskanir. Markmið með rekstri Lautar er að draga úr fordómum, rjúfa félagslega einangrun og auka lífsgæði þeirra sem eiga við geðræna sjúkdóma að stríða. Þannig hefur starfsemi Lautar fjóra megin hornsteina að leiðarljósi, en þeir eru að:

- Stuðla að heilsu og vellíðan
- Hvetja til samfélagslegrar þátttöku og virkni
- Auka persónulega færni, vellíðan og sjálfseflingu
- Virkja daglega iðju, sköpun, tjáningu og menningarlega upplifun

Laut er staðsett skammt frá miðbæ Akureyrar nálægt Amtbókasafninu, menningarhúsinu Hofi og Glerártorgi svo eitthvað sé nefnt. Í Laut er boðið uppá heitan mat í hádeginu fyrir 700 kr. Þar er boðið upp á hreyfingu, gönguferðir á hverjum degi, sundleikfimi einu sinni í viku og sund. Hér er baðaðstaða, þvottavél, hvíldarherbergi og föndurherbergi, auk þess er stór garður þar sem hægt er að njóta sumarblíðunnar. Árið 2020 komu að meðaltali 14 manns á dag í heimsókn í Lautina.

Covid-19 hafði töluverð áhrif á starfsemi Lautar og af þeim sökum þurfti að loka eða að vera með skerta starfsemi stóran hluta ársins.

2.5 Skammtímaþjónusta og dagvistunarúrræði

2.5.1 Skammtímaþjónusta og frístundaþjónusta


Skammtímaþjónusta fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur barna með verulega fötlun eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðið fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Skammtímaþjónusta býður upp á neyðarvistun ef óvænt atvik eða áföll koma upp hjá fjölskyldum notenda. Í skammtímaþjónustu voru alls 17 einstaklingar á árinu, 10 voru yngri en 18 ára en 7 fullorðnir. Undanfarin ár hafa eldri notendur farið í búsetuúrræði og yngri börn komið inn sem þurfa mikla þjónustu. Vistunarsólarhringar skammtímaþjónustu árið 2020 voru 1386, þar af 34 neyðarvistunarsólarhringar. Boðið er upp á skólavistun frá kl. 13:00-17:00 virka daga fyrir börn/ungmenni á aldrinum 10-20 ára sem eru með skilgreinda mikla fötlun. Yfir sumartímamann er einnig í boði vistun fyrir sama markhóp en 6-9 ára börn bætast við. Í boði eru ýmis tólmstundatilboð, frjáls leikur, útivera og vettvangsferðir. Alls nýttu 20 börn og fjölskyldur þeirra sér þessa þjónustu árið 2020.

Markmið skammtímaþjónustunnar eru þessi:


- Skapa aðstæður sem gefa fötludum gestum kost á að kynnast og umgangast aðra gesti í gegnum leik og starf.
- Gestirnir séu þátttakendur í öllum störfum svo sem mögulegt er.
- Þjálfun fléttist á eðlilegan hátt inn í leik og dagleg störf.
- Hver og einn gestur fái notið sín á eigin forsendum.
- Upplýfting og skemmtun sé við hæfi hvers og eins.

Markmið skóla- og sumarvistunnar:

- Lögð er áhersla á að vistunin sé fastur punktur í tilverunni, þar sem gott er að koma og dvelja við skapandi störf og leiki að skóladegi loknum.
- Hugað er að grunnþörfum barnanna með virkri þátttöku þeirra. Með virkri þátttöku er átt við að ýtt er undir sjálfsbjargargetu í athöfnum daglegs lífs með einstaklingsmiðaðri þjónustu.
- Skapa börnunum skilyrði til að efla félagsfærni sína.
- Vera í virku samstarfi við skóla og heimili.



Mynd 22 – Skammtímaþjónusta, samsetning notenda síðastliðin 10 ár



Mynd 23 – Sumar- og Skólavistunar dagar, samanburður milli ára

2.5.2 Lífsleikni

Árið 2020 var áfram unnið með lífsleiknihóp, sem miðar að því að auka lífsleikni einstaklinga með verulegar stuðningsþarfir sem lokið hafa námi af sérbraut VMA. 5 einstaklingar nýttu sér þessa þjónustu á árinu.

Tilgangur verkefnisins er annars vegar að setja á fót úrræði fyrir hóp einstaklinga sem þurfa stuðning þann hluta dagsins sem þeim býðst ekki hæfing/vinna og hins vegar að útbúa markvissa þjálfun fyrir einstaklinga sem sótt hafa um búsetuúrræði til að búa þá undir sjálfstæða búsetu.

2.5.3 Sumarúrræði fyrir fullorðna

Árið 2020 meðan starfsemi dagsþjónustustofnunar í Skógarlundi, miðstöð virkni og hæfingar, var lokað vegna sumarfría starfsmanna, var húsnæðið notað fyrir sumarúrræði fyrir fullorðna fatlaða einstaklinga. Var þetta þriðja árið í röð sem þetta var gert. Var fötluðu fólki og þá sérstaklega fastagestum Skógarlundar boðið upp á tómskundadagskrá sem miðaðist við áhugasvið og getu hópsins. Hæfingastöðin þjónustar viðkvæmasta skjólstæðingahópinn sem oft á erfitt með breytingar. Vegna ástandsins á árinu var aukið við opnunina og haft opið frá kl 9 til 16. Árin áður var einungis opið eftir hádegi. Verkefnastjóri hélt utan um skipulag og ráðnir voru 7 starfsmenn í 5 vikur til að sinna verkefninu. Auglýst var eftir hæfileikafólki í tímavinnu við ýmiskonar afþreyingu eins og að sjá um lifandi tónlist, einfaldan dans, slökun, bingo, nudd og listsköpun.


2.5.4 Kappar sumarúrræði fyrir börn

Kappar er sumarúrræði fyrir fötluð börn á aldrinum 7-9 ára sem ekki tilheyra markhópi skammtímaþjónustunnar í Þórunnarstræti 99 og geta ekki eða illa nýtt sér almenn frístundatilboð. Verkefnið stendur yfir í 8 vikur og er markmið þess að veita hópnum tómsundaþjónustu þar sem leitast er við að bjóða upp á afþreyingu sem er sniðin að þeirra þörfum. Áheyrsla er lögð á að efla þekkingu þeirra varðandi tómsundir og hvetja þau til frístundaiðkunnar.

Árið 2020 voru þátttakendur 19 börn, ein stelpa og 18 strákar.

2.6 Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í desember 2012 samþykkti Akureyrarbær reglur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Reglurnar byggðu á leiðbeinandi reglum sem gefnar voru út af Velferðarráðuneyti fyrir sveitarfélög að styðjast við. Verkefnið er samvinnuverkefni fjölskyldu- og búsetusviðs. Fyrstu samningarnir sem gerðir voru út frá nýju reglunum voru fjórir vegna fimm einstaklinga og höfðu allir nema einn verið með þjónustusamning áður.




Mynd 24 – Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) 2014-2020

Í lok árs 2018 var notendastýrða persónulega aðstoð lögfest (NPA). Nýjar reglur um þjónustuna voru samþykktar á árinu. Á árinu 2020 voru gerðir 8 samningar, þar af tveir vegna barna.

Það er ljóst að þetta þjónustuform hentar hópi fólks vel þó aukning í fjölda samninga sé ekki að verða að veruleika þar sem fjármagn frá ríki til að standa undir 25% af kostnaði hefur verið takmarkaður. Gerðir hafa verið nokkrir notendasamningar til að koma til móts við þarfir þjónustupega, oft tímabundnir. Sama hugmyndafræði er að baki þeim samningum en enginn endurgreiðsla fæst vegna þeirra og þjónustumagn á bak við hvern samning yfirleitt lægra.


2.7 SIS mat

Samræmt mat á landsvísu, SIS mat (Supports Intensity Scale), á þjónustupörfum fullorðins fatlaðs fólks var innleitt árið 2009–2010, þá sem rannsóknarverkefni. Síðan þá hafa flestir þeir sem eru með viðamikla þjónustu eða eru á biðlista eftir þjónustu farið í SIS mat. Á árinu 2020 fóru mjög margir í þjónustugreiningu, alls 54 einstaklingar. 11 einstaklingar fóru í sitt fyrsta mat, þjónustuaðilar óskuðu eftir endurmati fyrir nokkra og svo voru margir sem fóru í endurmat að ósk SIS mats aðilanna. Þeir einstaklingar höfðu ekki farið í endurmat mjög lengi. Alls voru 126 einstaklingar metnir í þjónustupörf umfram félagslega heimaþjónustu. Veruleg þjónustupörf er þjónusta umfram 15 tímar á viku. SIS matið er þannig byggt upp að flokkarnir eru 12 og einnig er metin sérstök þjónustupörf vegna heilsu og atferlis (12A og 12B). Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir framlag vegna þeirra sem metnir eru í flokka 5–12. Frá árinu 2020 var SIS flokkum breytt og því eru ekki samanburðartölur í mynd 25 fyrir árið 2020. Alls voru u.þ.b. 400 á skrá sem fengu einhverja sérhæfða þjónustu út frá lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þeir fullorðnu einstaklingar sem ekki hafa farið í SIS mat eru u.þ.b. 100. Ekki er gert ráð fyrir að allir sem fá sérhæfða þjónustu úr málaflokki fatlaðra fari í SIS mat.



Mynd 25 – Dreifing þjónustuparfar fyrir fullorðna

Eins og sést á mynd 25 þá eru 76% þjónustupegar með 8 í SIS mati eða hærra en allir sem búa í þjónustukörnum eða með sólahringsþjónustu eru þar yfir enda þjónustupörfin veruleg. Kostnaður ræðst eðlilega af þjónustupörf eins og kemur skýrt fram á mynd 26.



Mynd 26 – Kostnaður og fjöldi fullorðinna notenda í þjónustu 2020

2.8 Samráð við hagsmunasamtök notanda

Samráð við fatlað fólk á Akureyri á sér langa sögu og hefur verið til síðan 1999 í einhverri mynd. Frá 2018 hefur verið starfandi Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks. Samsetning hópsins er þannig að þrír eru pólitískir fulltrúar þar af einn formaður hópsins. Grófin geðverndarmiðstöð, Sjálfsbjörg á Akureyri og Þroskahjálp á Norðurlandi eystra eiga hvert sinn fulltrúa. Sviðsstjóri búsetusviðs ritar fundagerðir og er formanni til aðstoðar við að ákveða dagskrá og afla efnis.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks hefur eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með þjónustu við fatlað fólk, huga að samhæfingu þjónustunnar og stuðla að félagslegri velferð fatlaðs fólks.
2. Að fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustunnar við fatlað fólk og gera tillögur til sveitarstjórnar um mögulegar breytingar á þjónustunni þar sem hennar er þörf.
3. Að vera umsagnaraðili til ráðuneytis um veitingu starfsleyfis skv. 7. gr. laga um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
4. Að vera umsagnaraðili í ferlimálum að beiðni byggingarfulltrúa við hönnun og byggingu opinberra mannvirkja og atvinnuhúsnæðis.
5. Að vera umsagnaraðili í ferlimálum að beiðni umhverfis- og mannvirkjasviðs við gerð gangstétta, gönguleiða og bílastæða.
6. Að leitast við að tryggj sé að fatlað fólk fái þá þjónustu sem viðkomandi þarfnast og kynna fyrir fötluðu fólki þau úrræði og þjónustu sem í boði er.

Samráðshópurinn kom saman átta sinnum á árinu 2020 þar sem bæði var kynnt ýmis þjónusta, gerðar umsagnir um verkefni sem tengjast þjónustunni s.s. gerð reglna um þjónustuna og ýmislegt fleira.

2.9 Covid-19 – breytinga á þjónustu

Félagsmálaráðuneytið auglýsti styrki sem sveitarfélög gátu sótt í fyrir hópa sem höfðu fengið skerta þjónustu þá mánuði sem Covid-19 setti svip sinn á lífið í landinu og voru í viðkvæmri stöðu.

Um var að ræða þrjú mismunandi verkefni:

1. Efla frístundastarf/félagsstarf fullorðinna með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun sem orðið hefur vegna Covid-19. Margt eldra fólk fór í sjálfskipaða sóttkví og bjó við félagslega einangrun.
2. Aukið framboð af frístundastarfi fyrir börn í viðkvæmri stöðu.
3. Aukið félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk með það að markmiði að draga úr félagslegri einangrun og styðja einstaklinga til þess að takast á við afleiðingar Covid-19.

Akureyrarbær sendi inn umsóknir um öll verkefni og fékk úthlutað fjárhæð í þau öll sem skiptust á milli búsetusviðs, samfélagssviðs og Öldrunarheimila Akureyrarbæjar.


Eftirfarandi þjónustutilboð voru unnin af búsetusviði Akureyrarbæjar:

Heimaþjónusta A

Markmið verkefnisins var að huga að líðan eldra fólks og gefa því tækifæri til að spjalla um stöðu sína eftir það sem á undan er gengið. Stór hópur fór í verndarsóttkví og hitti jafnvel ekki sína nánustu eða aðra vikum saman. Markhópurinn var 65 ára og eldri sem höfðu félagslega heimaþjónustu, 20 klukkustundir eða minna á mánuði. Flokkað var eftir fjölskylduaðstæðum og útbúinn listi til að vinna eftir og forgangsraðað hverja yrði hringt í fyrst. Í forgangi voru þeir sem bjuggu einir og voru 80 ára og eldri, þar á eftir 65 til 80 ára og að lokum fólk í sambúð. Lagt var upp með að allir fengju þrjár hringingar og þeim boðin heimsókn fagmanns. Verkefnið náði yfir fimm vikna tímabil og voru ráðnir þrjú einstaklingar í samtals 2,6 stöðugildi.

Fyrsta vikan fór í að skipuleggja og kynna fyrir stafsmönnum tilgang verkefnisins, þjálfun í símasamtali og yfirferð á kynningartexta sem notaður var í verkefninu. Fundað var vikulega og farið yfir þau atriði sem starfsmenn höfðu áhyggjur af. Starfsmenn höfðu greiðan aðgang að aðstoð og stuðningi alla daga verkefnisins. Einstaka samtal var erfitt en þá gátu starfsmenn leitað eftir og fengið viðeigandi stuðning og leiðbeiningar. Samtöl, sem metin voru þess eðlis að þurfa frekari eftirfylgni og eða faglega ráðgjöf var vísað áfram til fagaðila og ekki á ábyrgð starfsmannanna að vinna frekar úr þeim málum.

365 einstaklingar voru í markhópnum, þar af náðist samband við 313 einstaklinga. Eitt símtal fengu 23% og töldu þeir sig ekki hafa þörf á að fá aðra hringingu né heimsókn. Þeir töldu líðan sína góða og voru sáttir með sitt. 59% fengu tvö símtöl og 18% fengu þrjú símtöl. Í heildina voru 77% sem fengu fleiri en eitt símtal. Af heildarhópnum voru 15% sem þáðu heimsókn. Í samtölum við 39 einstaklinga eða um 21% kom fram ósk um frekari aðstoð og var í þeim tilvikum haft samband við heimaþjónustu eða heimahjúkrun til úrlausnar þeirra mála.



Mynd 27 – Fjöldi símtala og heimsóknna í átaksverkefni

Almenn ánægja var með símtölin og fannst fólki mikið öryggi í þeim. Er það mat þeirra sem komu að verkefninu að þörf sé á áframhaldandi stuðningi með símtölum, bæði vegna stöðunnar í dag og þeirrar óvissu sem ríkir um framhald faraldursins. Í lokaviku verkefnisins þegar seinni bylgja faraldursins hófst var það áberandi að þeir sem hringt var í voru hræddari en áður. Starfsmenn verkefnisins voru sammála um að verkefnið hefði gengið vel og verið mjög gefandi.

Félagsleg liðveisla

Verkefnið átti að auka möguleika fatlaðra barna á félagslegri þátttöku í sumar. Verkefnið var útfært þannig að þau börn sem voru með liðveislu og ljóst var að myndu lítið hafa fyrir stafni í sumar fengu fleiri tímum úthlutað og þannig var hægt að virkja þau meira en annars hefði verið mögulegt. Markmiðið náðist þannig að aukið var við félagslega liðveislu hjá 10 börnum. Hægt var bæði að koma til móts við þarfir og óskir foreldra og liðþega. Einnig var bætt við auka tímum hjá nokkrum börnum til viðbótar þar sem talin var þörf á, foreldrarnir urðu mjög ánægðir og nýttust þessir tímar vel. Þessir tímar voru sérstaklega mikilvægir þar sem Covid-19 hafði haft sín áhrif á alla og jók þetta sveigjanleikann í þjónustunni. Alls voru veittar 180 klst. í aukna þjónustu í sumar.

Málaflokkur fatlaðra

Markmið með umsókninni var að búa til þjónustu sem myndi auka félagslega þátttöku fatlaðs fólks, sérstaklega þeirra sem höfðu fengið skerta þjónustu á Covid tímanum. Með hefðbundinni mönnun er lítið hægt að gera til að bæta fólki þetta upp og auka færni þeirra sem fór frekar aftur á tímabilinu.

Skógarlundur miðstöð virkni og hæfingar

Sumarstarf í Skógarlundum var aukið þannig að í stað þess að hafa opið 4 klst. á dag var opið í 8 klst. þær vikur sem þjónustan var í boði. Þannig fengu fleiri tækifæri til að koma, hitta aðra og taka þátt í skemmtilegu starfi. Flestir komu frá þjónustukjörnum en einnig kom fólk sem býr í sjálfstæðri búsetu og heima hjá foreldrum. Sjá nánar um sumarstarfið á bls. 28.

Laut athvarf fyrir geðfatlaða

Kvöldopnun í Lautinni var annað úrræði sem styrkurinn gaf tækifæri til að bjóða uppá. Hér er um að ræða stuðning fyrir geðfatlaða einstaklinga með því að ráða auka starfsmann í Lautina ásamt því að hafa sérstaka kvöldopnun. Þetta er hópur sem á oft erfitt með að komast út á vinnumarkaðinn, ferðast, taka þátt í samfélaginu og njóta alls þess sem lífið hefur upp á að bjóða. Niðurskurður í samfélaginu hefur bitnað illa á þessum hóp. Í sumar var byrjað með kvöldopnun einu sinni í viku.

Að meðaltali mættu 12 gestir á hverja kvöldopnun. Meðaltalið gefur þó ekki endilega rétta mynd af mætingunni þar sem það mæta 19 gestir í eitt skipti og 2 í annað. Afar fáir mættu þegar ekki var boðið uppá mat. Um leið og boðið var uppá mat komu mun fleiri og stemmingin var skemmtilegri. Þetta gæti verið ein ástæða fyrir mismunandi mætingu milli kvölda.

Sértæk heimaþjónusta og skammtíavistun

Einnig var gripið til aukins einstaklingsstuðnings. Í nokkrum þjónustukjörnum og í skammtíavistun eru einstaklingar sem fóru verr út úr Covid tímanum en aðrir. Ráðnir voru einstaklingar til að sinna 2-3 einstaklingum til að auka félagslega þátttöku þeirra.